

**Ráð sem virka – frá kennurum; vefslóð** <http://www.dyslexia-teacher.com/t15.html>

**Eigin gagnrýnandi:** Einn nemandinn andvarpaði mikið og missti athyglina þegar kennarinn benti á stafsetningavillur hans. Kennarinn stakk því upp á að nemandinn notaði yfirstrikunarpenna og strikaði yfir þau orð sem hann hélt að þyrfti að athuga. Kennarinn og nemandinn skoðuðu síðan eingöngu þau orð sem nemandinn hafði yfirstrikað en slepptu öðrum orðum sem voru rangt stafsett. Þetta hafði mjög jákvæð áhrif á nemandann sem var orðinn sinn eigin gagnrýnandi en ekki kennarinn. (frá V.L. Hampshire, UK)

**Límband:** Þegar reynt er að höfða til allra skynfæra er hægt að nota límband. Með límbandinu getur nemandinn gert tölustafi, bókstafi og orð á teppi eða mottu á gólfinu. Það að framkvæma hjálpar mörgum nemandanum að muna betur heldur en þegar hann skrifar á pappír. (Frá Y. Z. London, UK)



**Frægir lesblindir:** Kennari, sem var að vinna með 9 nemendum, úthlutaði nemendum frægum persónum. Kennari og nemendur ræddu um viðkomandi persónu og hvers vegna hún væri fræg. Kennarinn benti nemendum á hvað væri líkt með persónunni og þeim t.d. að Leonardo da Vinci hefði verið stórkostlegur málari og að uppáhaldsgrein tveggja nemenda væri einmitt listsköpun. Eftir umræðurnar aðstoðaði kennarinn nemendur að finna myndir af þessum persónum á veraldarvefnum og setja á spjöld sem voru síðan til sýnis fyrir aðrar nemendur skólans. Á spjöldunum voru myndir af fólki frá mörgum sviðum mannlífsins en sérstaklega þó af fólki, sem skarað hafði fram úr á sviðum, sem nemendur höfðu ánægju af eða þar sem þeir stóðu sig vel. Við hverja mynd var talbóla með staðhæfingum eins og „mér fannst þetta mjög erfitt“, „ég barðist við þetta“, „ég var lengur að ná tókum á þessu en vinir mínir“, „ég skildi aldrei af hverju öðrum fannst þetta auðvelt“, „stundum var þetta eins og ein klessa“. Síðan var skrifað á flipa eða spjald, sem hægt var að lyfta upp „Hvað er allt þetta fræga fólk að tala um?“. Undir flipanum stóð „Lestur“. Nemendur voru ekki aðeins stoltir yfir því að hafa unnið þessi sýningarspjöld heldur skildu þeir að þó að einhver eigi erfitt með lestur og nám

í skóla þá getur hann átt velgengni að fagna síðar meir í lífinu. (frá C.B. Surrey)

Hér má finna myndir og umsagnir um fræga lesblinda einstaklinga

<http://www.dyslexia-test.com/famous.html>

**Skrifa eftir töfluskript:** Nemandi sem skrifar hægt

nær oft ekki að skrifa hjá sér það sem á að gera heima ef kennari skrifar það á töfluna í lok tímans.

Oft á nemandinn erfitt með að skilja skrift

kennarans. Þetta getur haft þær afleiðingar að

nemandinn skilur ekki almennilega hvað hann á að

gera heima og heimavinnan verður þar af leiðandi

ófullnægjandi. Eftir að foreldri benti kennara á þetta

fór hann að skrifa hvað ætti að gera heima í upphafi tímans, þá hafði

nemandinn meiri tíma að skrifa hjá sér og gat spurt ef hann skildi ekki skrift

kennarans eða hvað ætti að gera. (frá L.T. Mauritius)



**Bókstafir úr ýmsu efni:** Nemandi átti mjög erfitt með að muna lögun sumra

bókstafanna. Hann varð reiður, pirraður og grét þegar hann gat ekki munað

útlit stafanna eða hvernig ætti að skrifa þá. Kennarinn útvegaði þá ýmiss

konar efni t.d. pípuhreinsara, mótunarleir, borða, fatnað, svamp o.frv.

Kennarinn og nemandinn unnu með einn bókstaf á hverjum degi. Nemandinn

valdi eitt efni t.d. pípuhreinsara til að forma bókstafinn og límdu hann svo í

harðspjaldabók, sem kennarinn hafði útbúið. Kennarinn lét

nemandann þreifa á bókstafnum með lokuð augu, segja hljóð

hans og bað hann síðan að skrifa bókstafinn á sömu blaðsíðu.

Þeir unnu með þetta í nokkrar vikur og í upphafi hvers tíma lét

kennarinn nemandann þreifa á bókstaf. Bókstafirnir voru úr mismunandi

efnum. Eftir nokkrar vikur gat nemandinn sagt hljóð bókstafanna og skrifað þá

rétt. (Frá M.P. Singapore).

